



Verkefni 9-10

Lokaverkefnið sem miðill

MMUF4UF06

Inngangur

Vefurinn sigurlaug.is er unninn sem lokaverkefni á vorönn 2017 í hagnýtri margmiðlun við Borgarholtsskóla. Þegar kom að því að velja viðfangsefni, var ekki annar kostur í stöðunni en að gera þennan vef, því hugur minn hefur lengi staðið til þess. Á árinu 2004 gerði ég sambærilegan vef, <http://sigurlaug.arnarson.is>, en ég hef ekki haldið honum við síðan árið 2006 og því tími til kominn að endurgera hann. Í rauninni var það lögnunin til að læra að gera snjalltækjavænan (responsive) vef sem rak mig í þetta nám fyrir tæpum tveimur árum síðan.

Vefurinn

Vefurinn ber nafnið mitt, Sigurlaug Kristmannsdóttir. Þegar ég viðraði hugmyndir um vefinn við fjölskylduna, varð syni mínum að orði: „Róleg í sjálfhverfunni móðir góð“. Við ræddum þetta smá stund og kom okkur saman um að ef listamenn mættu vera sjálfhverfir í sínum listaverkum, þá mættu kennarar vera það líka. Kennsla er jú listgrein eins og ég hef boðað í marga áratugi, samanber erindi sem ég hélt um fagmennsku kennara árið 2001:

„Hægt er að læra viss atriði sem auðvelda miðlun þekkingar, eins og til dæmis að beita röddinni rétt, að skrifa skýrt og skilmerkilega, að útbúa glærur og námsefni En hvernig kennaranum tekst til við miðlunina fer að hluta til eftir upplagi hans sjálfs, það er eins og kennarinn virki persónuleika sinn til miðlunarinnar og það er þess vegna sem líkja má kennarastarfinu við listgrein. Við höfum hvert okkar stíl ef svo má að orði komast og við verðum að fá að þróa okkar persónulega stíl. Við verðum sjálf að fá að ráða hvaða aðferðum við teljum best að beita við miðlunina. Við erum sérfræðingar í að meta aðstæður, að vita hvaða aðferðir henta best í hvaða tilfalli sem er.“¹

Í samræmi við þetta, þá er vefnum sigurlaug.is ætlað að halda utan um þau rafrænu listaverk sem fallið hafa til við störf mín að skólamállum í næstum fjóra áratugi.

Lénið sigurlaug.is var laust og ég byrjaði á því að festa það og útvega því trausta hýsingu. Síðan hófst ég handa við að safna efni sem ég ætlaði að birta á nýja vefnum. Efnið var vistað vítt og breitt um veraldarvefinn, einnig á gömlum geisladiskum, minnislyklum, lausum minnisdiskum, í gömlum aflögðum tölvum, vinnutölvunni og fartölvunni sem ég nota heima. Þetta var mikið verk og tók sinn tíma. Til gamans má geta þess að aðalvandamálin var að finna gömlu geisladiskana og síðan tölvu með geisladrifi til að hægt væri að nálgast efni á geisladiskum. En þetta tókst allt saman og í leiðinni fann ég ýmislegt annað efni sem ég var búin að gleyma að ég ætti.

Ljósmyndirnar á vefnum hef ég allar tekið sjálf, nema annað sé tekið fram. Á vefnum er aðaláherslan á skrifað mál, en myndir notaðar til að skreyta og gera síðurnar meira grípandi. Ég lagði mikla vinnu í að mynda vitann sem er tákn síðunnar í réttri birtu og þurfti að fara nokkrum sinnum á staðinn til að það heppnaðist.

¹ „Fagmennska - Sigurlaug Kristmannsdóttir“.

Litirnir á borðum á síðunni eru nánast þeir sömu og litirnir á Stafnesvita, en þeir litir þykja mér fallegir og minna mig á þann kröftuga stað. Fleiri vitar á landinu bera þennan sama lit. Í mínum huga eru kennarar eins og vitar í mannheimum, þeir lýsa leiðina fyrir nemendur sína og gera þeim kleift að ná markmiðum sínum. Þess vegna fannst mér viðeigandi að nota þennan lit á þessum síðum.

Vefsíðan sigurlaug.is er sett upp í WordPress og þemað sem síðan er unnin í heitir evolve theme frá Theme4Press. Til viðbótar eru eftirfarandi viðbætur notaðar: Accordion, Google Analytics, Ninja Form, Really Simple SSL, Weglot Translate og Yoast SEO.

Vefurinn verður opin öllum sem hafa áhuga á að skoða hann og þeir sem finna þar eitthvað bitastætt geta nýtt sér það, en verða þá að geta upprunans. Til að minna á það hef ég sett *Creative Commons* CC² merki á allar síður.

Inntakið

Efnið á sigurlaug.is er nánast allt frá kennaraferli mínum sem hófst árið 1982. Á fyrstu árunum var ekki um rafrænt efni að ræða, þannig að elsta efnið á síðunni er frá árinu 1999 og það yngsta frá árinu 2016. Ég tek það fram hér að ég birti ekkert efni sem tengist þeim stofnunum sem ég hef unnið hjá, ég lít svo á að það efni sé eign þeirra. Allt efnið á vefsvæðinu hef ég þó samið í tengslum við vinnu mína, bæði kennsluna og eins námskeiðahald, ráðstefnur, fundi og fleira. Að auki bætti ég við efni sem tengist mér sjálfri persónulega.

Efnið á vefnum skiptist í fjóra efnisflokkar: námsefni, erindi, ritverk og höfundur. Í hverjum flokki er eru síðan undirflokkar. Oft á tíðum var erfitt að flokka efni í einn flokkinn og lét ég það þá vera á fleiri en einum sta. Hér er nánari umfjöllun um hvern efnisflokk:

Námsefni: Í þennan flokk falla vefir sem ég hef unnið á mínum kennsluferlum. Þeir tengjast eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði. Stærsti vefurinn er unninn á árunum 1999 til 2001 en það er vefurinn um mannlíkamann. Efnið á vefnum eru verkefni nemenda minna í líffæra- og lífeðlisfræði, en flestar síðurnar óf ég. Þarna er líka vefur í líffræði sem ég og þáverandi samstarfskona mín, María Björg Kristjánsdóttir, fengum eSchola verðlaun fyrir árið 2002.

Erindi: Þarna eru erindi sem skrifuð eru á tímabilinu frá 1999 til 2016. Efni þeirra er fjölbreytilegt og má þar nefna notkun upplýsingatækni í skólastarfi, fjarkennslu, siðfræði í netnotkun, fagmennsku kennarans, starfsnám og sjálfsmat skóla. Flest þessi erindi eru birt á síðunni sem glærur vistaðar á vefsvæðinu <http://slideshare.net>.

Ritverk: Meðal ritverka sem þarna koma fyrir eru verklegar æfingar í lífefnafræði og lífrænni efnafræði og skýrsla um vettvangsnám stærðfræði. Þarna er einnig bæklingurinn um Hvalsneskirkju og bókin um ömmu og afa sem unnin voru á vorönn 2016 í tengslum við nám mitt í hagnýtri margmiðlun við Borgarholtsskóla. Að auki er umfjöllun um kennslubókina „Allt með tölu“ og svör við dæmum í stöðuprófum bókarinnar.

Höfundur: Í þessum hluta vefsins eru áhugamál undirritaðrar tíunduð, ásamt umfjöllun um menntun og störf. Fjölskyldunni er einnig gerð skil og birtar tvær greinar sem tengjast henni. Önnur þeirra fjallar um foreldrarölt, en hin var skrifuð fyrir miðilinn 245.is og tengist

² „Creative Commons — Attribution 4.0 International — CC BY 4.0“.

sú grein uppvexti mínum í Sandgerði. Nokkur orð eru þarna einnig um síðuna sigurlaug.is, tilurð hennar og markmið. Að lokum er svo síðan um föðurarfleiðina að Bala á Stafnesi.

Auk þessara fjögurra flokka er að finna á síðunni dagbók sem ég skrifaði við vefsíðugerðina, bæði í rituðu máli og í myndum. Af síðunni er hægt að senda höfundu póst.

Fjölmiðill

Vefurinn sigurlaug.is er fjölmiðill í víðasta skilningi þess orðs. Þetta er óháður fjölmiðill, því ég ein hef staðið straum af kostnaði við gerð hans og auglýsingar verða ekki leyfðar á miðlinum. Einnig má skilgreina sigurlaug.is sem óhefðbundinn miðill í þeirri merkingu að hefðbundnir miðlar eru útvarp, sjónvarp og dagblöð en óhefðbundnu miðlarnir eru tölvupóstur, sími, vefsíður, blogg, samskiptasíður (Facebook, Twitter, Instagram) og YouTube.

Í dag er litið á hefðbundna miðla sem gamla miðla, en nýmiðlarnir eru netmiðlarnir sem tengja saman ljósvakamiðla og prentmiðla. Þessa nýmiðla kallar Jónas Kristjánsson símiðla og samþætta þeir hefðbundna miðla eins og útvarp, sjónvarp og prentmiðla³. Samkvæmt skilgreiningu Jónasar er vefurinn sigurlaug.is nýmiðill eða símiðill.

Ég lít svo á að skólar, ásamt vísinda- og fræðaheiminum eigi að taka höndum saman og fylla netið af efni og miðla þannig sem réttustu upplýsingum til allra jarðarbúa. Nóg er samt af bábiljum á þessum vettvangi.

Alheimsbirting

Markmiðið með þessu verkefni var að vefurinn sigurlaug.is miðlaði upplýsingum um alla þá vinnu sem ég hef lagt í störf mín og áhugamál á liðnum áratugum. Ég hef starfað að skólamálamum síðan 1982 og hef miðlað til nemenda minna og samstarfsmanna allan þann tíma, í þeim skilningi má vitna í fjölmiðlafræðinginn McLuhan sem sagði: „Miðillinn er merkingin“⁴ og fullyrða að ég hafi verið miðillinn allan þennan tíma.

Áður en lengra er haldið vil ég nefna að á ensku er fullyrðingin „miðillinn er merkingin“ þannig: „the media is the message“. Orðið „message“ í þessu samhengi merkir samkvæmt mínum málskilningi „skilaboð“ eða „orðsending“ en ekki „merking“. Hin rétta þýðing á íslensku ætti því að vera „miðillinn er orðsendingin“ eða „miðillinn er skilaboðið“. Þetta hljómar þó betur á íslensku sem stuðlaða fullyrðingin „miðillinn er merkingin“. Af þessu sögðu þá held ég áfram og nota orðið merking í þeim skilningi að þar sé verið að tala um skilaboð, en ekki hvað eitthvað þýðir eða merkir.

Eins og áður hefur komið fram, er vefnum sigurlaug.is er ætlað að halda utan um allt rafrænt efni sem ég hef unnið á síðustu fjórum áratugum. Efnið er gamalt en það er framsetning þess á vefsíðu sem er opin öllum sem er ný. Þarna geta gamlir nemendur skoðað verkefni sem þeir unnu á árum áður, kennarar geta fundið þarna verkefni sem þeir geta hagnýtt sér í vinnu sinni og fjölskyldan getur iljað sér við umfjöllun um liðna tíma. Þessi staðreynd leiðir okkur aftur að kenningum McLuhans, en hann hélt því fram að nýir fjölmiðlar hefðu alltaf fyrst í stað verið boðberar gamalla tíðinda og því væri það ekki innihald þeirra sem skipti máli þegar áhrif þeirra á samfélagið væru könnuð. McLuhan benti á að það væru áhrif nýrra miðla á skynjun mannsins á heiminum, hugsun hans og starfshætti sem væri hins vegar aðal málið⁵.

³ „0311 Fornir fjandvínir - Jónas Kristjánsson“.

⁴ McLuhan, „Miðillinn er merkingin / Marshall McLuhan ; þýðandi Þröstur Helgason“.

⁵ Sama heimild.

Þegar efnið sem núna er hýst á vefnum sigurlaug.is var upphaflega sett á netið á sínum tíma, þá var verið að setja efni sem unnið var uppúr bókum og tímaritum í nýjan búning. Þannig voru verkefni nemenda sem fyrr voru á formi ritgerða og annarra prentaðra verkefna sett á rafrænt form á vefsíður. Verkefni sem fyrrum bárust frá nemendum til kennara og enduðu oft en ekki í skúffum hans, voru sett á vefsíður og birt opinberlega. Þetta gerði auknar kröfur til nemenda um að vanda sig og eru mér minnstæð tilsvör eins nemandans við samnemendur sína í þessu samhengi. Nemendurnir voru að leggja lokahönd á verkefni sitt sem atlunin var að setja út á netið og einhverjum í hópnum fannst nóg komið af vinnu og vildi láta staðar numið. Þá sagði einn nemandinn: „Krakkar við verðum að vanda okkur betur, þetta fer í alheimsbirtingu!“

Hinn nýi miðill, veraldarvefurinn, gerði þannig auknar kröfur til nemenda um vandvirkni og öguð vinnubrögð við notkun heimilda, skrif og myndvinnslu. Verkefnin áttu eftir að koma fyrir augu margra og vera vistuð á netinu um langan aldur. Veraldarvefurinn, eða netið sem hinn nýi miðill var því tæki til að setja efni í alheimsbirtingu, jafnvel fyrir unga nemendur í framhaldsskóla í Flóanum. Þetta er í samræmi við kenningar McLuhans um að nýir miðlar væru alltaf fyrst í stað boðberar gamalla tíðinda. Einnig er það rétt sem hann sagði að nýr miðill sem netið var á þessum tíma, hafði mikil áhrif á skynjun mannsins á heiminum, hugsun hans og starfshætti.⁶

Þegar vefurinn sigurlaug.is er skoðaður, má sjá hvernig kennari notaði vefinn á síðasta áratug síðustu aldar. Á þeim tíma voru kennarar að stíga sín fyrstu skref í að nota þennan miðil í kennslu, bæði fyrir sig og nemendur. Kennari notaði hann til að afla upplýsinga fyrir sig og einnig til að birta þar námsefni, verkefni og próf. Nemendum var síðan ætlað að nýta vefinn við öflun upplýsinga og í framhaldinu voru verkefni þeirra birt á vefinn. Á sigurlaug.is er síðan hægt að greina hvernig þessi notkun á veraldarvefnum í kennslu þróaðist eftir því sem árin liðu fram á okkar öld.

Með tilkomu lokaðra kennslukerfa, hættu kennarar að mestu að setja efni sitt á netið og hafa það opið fyrir alla. Þar með misstu kennarar þann möguleika að geta skoðað efni frá öðrum og fengið hugmyndir frá þeim. Þessi lokuðu kennslukerfi takmarka aðgang annarra að efninu og eru þannig heftandi á það frjálsa flæði upplýsinga sem netið gerði kleift á fyrstu árum þess í skólastarf. Miðillinn sigurlaug.is flytur þau skilaboð að allir geti skoðað efni frá kennaraárunum mínum og nýtt sér það að vild, svo fremi sem upprunana þess verði getið. Miðillinn er merkingin, svo vitnað sé í orð McLuhans⁷.

Merkingin er sigurlaug.is

Kennarastarfið er mjög persónulegt starf. Hver kennari þarf að undirbúa kennslu sína og þar hefur hann mikið frelsi. Hann getur útbúið kennsluefni, gert verkefni og próf og set sér kvarða til að veða og meta störf nemenda. Vissulega þarf hann að fara eftir skólanámskrá og bera sig saman við aðra kennara í sínum skóla. En hann hefur samt mikið frelsi. Það er einnig undir hverjum kennara komið hvernig hann leggur efni sitt fram, velur hann að halda fyrirlestra, byggir hann á verkefnavinnu, vistar hann efni á netinu eða treystir hann á kennslubækur sem aðrir hafa samið. Kennari er því að vissu leyti einangraður í sínu starfi, auk þess sem mestan hluta vinnutíma síns að vera einn að undirbúa kennslu, fara yfir verkefni eða með nemendum í aflokun rými.

Það er hverjum kennara holt að rjúfa þessa einangrun, hvort sem hann gerir það með því að birta opinberlega námsefni og verkefni sem hann styðst við, eða með því að opna kennslustofuna og leyfa öðrum óhikað að verða vitni að því sem fram fer þar. Kennari þarf að hafa hugrekki til að sýna öðrum það sem hann er að gera. Hann getur gert það með því að vista gögn á netinu og hafa

⁶ Sama heimild.

⁷ Sama heimild.

Þau opin öllum, gefa út kennslubók eða hreinlega með því að hafa dyrnar á kennslustofunni opnar svo allir sem leið eiga framhjá geti séð hvað fer fram í kennslustofunni.

Vefurinn sigurlaug.is er mín leið til að rjúfa mína einangrun í starfi og birta allt það sem ég hef gert í kennslu á opnum miðli. Þetta er mín leið til að efla hugrekki mitt sem kennara. Vefurinn er skilaboð mín til umheimsins: sigurlaug.is er merkingin.

Lokaorð

Vinnan við vefinn sigurlaug.is er búin að vera skemmtileg og tímafrek. Það gildir um þetta verkefni eins og svo mörg önnur að því meiri tíma sem við verjum í þau, því nánari verða þau okkur og við ánægðari með útkomuna. Ætlunarverkið að búa til snjalltækjavænan vef og fylla hann af efni sem tengist störfum mínum og áhugamálum tókst. Ég er þökkalega sátt við útkomuna og horfi fram á það að geta bætt við síðuna og gert hana efnismeiri í nánustu framtíð. Hversu lengi svona vefur lifir skal ósagt látið, en í fyllingu tímans verður þá bara að bretta upp ermarnir og endurgera hann enn og aftur.

Reykjavík, á sumardaginn fyrsta árið 2017

Sigurlaug Kristmannsdóttir

Heimildaskrá

„0311 Fornir fjandvinir - Jónas Kristjánsson“. Sótt 13. febrúar 2017.

<http://www.jonas.is/namskeid/03-nymidlun/0311-fornir-fjandvinir/>.

„Creative Commons — Attribution 4.0 International — CC BY 4.0“. Sótt 19. apríl 2017.

<https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>.

„Fagmennska - Sigurlaug Kristmannsdóttir“. Sótt 20. apríl 2017. <http://sigurlaug.is/erindi/ut-i-skolastarfi/fagmennska/>.

McLuhan, Herbert Marshall. „Miðillinn er merkingin / Marshall McLuhan ; þýðandi Þröstur Helgason“. 2005, 2005.